

STJÓRNARTÍÐINDI B 26 – 1989

31. mars 1989

271

Nr. 137

REGLUGERÐ

um jöfnunartoll á innfluttar kökur og majones.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu jöfnunartoll, 24%, af kökum, sem flokkast í tnr. 1905.9009 og 16% af majonesi sem flokkast tnr. 2103.9002 í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með áorðnum breytingum.

2. gr.

Jöfnunartollur samkvæmt 1. gr. skal lagður á tollverð vöru og skulu ákvæði 8.–10. gr. tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, gilda eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, innheimtu, stöðvun tollafgreiðslu, lögvernd, viðurlög, refsingu og aðra framkvæmd innheimtu jöfnunartolls skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu jöfnunartolls samkvæmt reglugerð þessari og standa skil á þeim til ríkissjóðs eftir þeim fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur um skil innflutningsgjalda, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 118. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi þegar í stað og skal hún gilda til 30. september 1989.

Fjármálaráðuneytið, 31. mars 1989.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

20. mars 1989

Nr. 138

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Laxárdalshreppi.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Búðardal, skv. samþykkt um hundahald í Laxárdalshreppi frá 9. mars 1989, skal vera kr. 400 fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði fyrir tímabilið 1. mars 1989 til jafnlengdar 1990. Gjaldið greiðist fyrirfram og óskipt fyrir tímabilið 1. mars 1989 til jafnlengdar 1990. Gjaldið greiðist fyrirfram og óskipt fyrir tímabilið með eindaga 1. maí 1989.

2. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarstjórnar Laxárdalshrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. mars 1989.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 139

REIKNINGUR

Líknarsjóðs Margrétar Árnadóttur, Alviðru.

Rekstrarreikningur 1988.

	Gjöld	Tekjur
Vextir af sparisjóðsbók nr. 12445		5 602,29
Vextir af kjörbók nr. 260286		6 814,23
Tekjuafgangur	12 416,52	
	<hr/>	<hr/>
kr.	12 416,52	12 416,52

Efnahagsreikningur 31. desember 1988.

	Eignir	Skuldir
Höfuðstóll		10 000,00
Tekjuafgangur frá fyrri árum kr. 43 806,97		
Tekjuafgangur 1988 kr. 12 416,52		56 223,49
	<hr/>	<hr/>
Sparisjóðsbók nr. 12445	38 697,52	
Kjörbók nr. 260286	27 525,97	
	<hr/>	<hr/>
Kr.	66 223,49	66 223,49

Selfossi, 14. febrúar 1989.

F.h. Kvenfélags Selfoss,

Guðrún Bárðardóttir.